

6.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 9.ágúst 2023, haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði og hefst kl. 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Delphine Briois Kjörvogi sem er á fjarfundi.

Dagskrá fundarins;

**Stóru verkefni:**


1. Ljósleiðarvæðing og þrífösun, framhald verkefnisins.
2. Norðurfjarðarhöfn, staðan.

**Mál í vinnslu:**

3. Sorpsamlag Strandasýslu, staða mála, háir reikningar og fleira.
4. Viðhald og staða verkefna, íbúð við skólann, þak á verslun og fleira.
5. Samgöngumál, hver er staðan. Sendur póstur
6. Samþykkt um stjórn Árneshrepps og samþ. um breytingu samkv. lögum nr. 1320/2018
7. Samvinna og/eða sameining, ályktun frá hreppsnefnd.
8. Brunavarnir námskeið, staðan á málum.
9. Velferðarþjónusta Vestfjarða - fyrri umræða.
10. Fundur með félagsmálastjóra, fundargerð lögð fram til kynningar.
11. Leitarseðill fyrir haustið 2023.
12. Kaup á varmadælu tekin fyrir.

**Stóru verkefni:**

1. Ljósleiðarvæðing og þrífösun, framhald verkefnisins. Rætt var um að fá nánari upplýsingar áður en hægt er að ákveða eða samþykkja breytingar varðandi framhalds verksin og samningsdrög liggja fyrir.
2. Norðurfjarðarhöfn, áfram verður haldið vinnu nú í vikunni, Jónas kemur seinna í mánuðinum og nú er verið að koma timbrinu af stað norður. Hann og Rob komu um helgina og tóku ákvarðanir um framhaldið.

Ó.S.   
ALS  
Bj

Mál í vinnslu:

3. Sorpsamlag Strandasýslu, staða mála, háir reikningar og fleira. Mjög nauðsynlegt er að koma með nýja gáma, þeir sem eru hér í sveitinni eru orðnir mjög lélegir. Ákveðið var að biðja um yfirlit yfir greiðslur síðustu ára til að bera saman kostnað á milli ára. Ennfremur þarf að fá útskýringar á nýjum reikningum. Hreppsnefnd valdi Delphine Briois til þess að vera áheyrnarfulltrúi Árneshrepps á boðuðum fundum Sorpsamlagsins. Ákveðið var að falast eftir pressu sem verið er að leggja af á Hólmavík þar sem ný hefur verið tekin í notkun.
4. Viðhald og staða verkefna, íbúð við skólann og þak á verslunarhúsnæði. Byggingafulltrúi þarf að koma að málinu varðandi íbúðina við skólann og mun oddviti hafa samband við hann sem fyrst. Ath. hvort JE gæti lagað svalirnar og athuga með stöðuna á gluggum í skóla og íbúð.
5. Samgöngumál, hver er staðan. Hreppsnefnd er sammála um að nú sé komið tími á að fá fund með Bergþóru Þorkeldsdóttur og Pálma Þór Sævarssyni til að fá nánari upplýsingar varðandi samgöngur.
6. Samþykkt um stjórn Árneshrepps og samþ. um breytingu samkv. lögum nr. 1320/2018. Frágengið
7. Samvinna og/eða sameining sveitarfélaga, hreppsnefnd ákvað að senda ályktun varðandi málið á heimasíðu og FB síður hreppsins.
8. Brunavarnir námskeið, ákv. var leita upplýsinga um styrk til kaupa á slökkvidælu á kerru, tala þarf við Sigurð Lárusson til að fá kennslu á slökkvibílinn.
9. Velferðarþjónusta Vestfjarða - fyrri umræða. Farið var yfir samningana um Velferðarþjónustu Vestfjarða og samþykkti hreppsnefnd þá við fyrri umræðu. Seinni umræða fer fram á fundi hreppsnefndar 23. ágúst n.k.
10. Fundur með félagsmálastjóra, fundargerð lögð fram til kynningar.
11. Leitarseðill fyrir haustið 2023. Farið var yfir leitarseðil frá árinu 2022 og viðeigandi breytingar gerðar fyrir komandi haust.
12. Kaup á varmadælu; fyrstu skref varðandi varmadæluvæðingu. Áhugi er fyrir því að koma upp dælum hús í eigu hreppsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:45.

Arnþór Þorhildur  
 Alfur Eiríksdóttir  
 Þjarnheidur J. Fossdal  
 Ólafur Sigurðsson